

Hrunamannahreppur
Akurgerði 6
845 Flúðir

Reykjavík, 27. júlí 2023
UST202307-174/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016- 2032 og nýtt deiliskipulag - Brúarhlöð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 14. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 – 2032 vegna þjónustusvæðis við Brúarhlöð. Í greinargerð kemur fram að breytingin gangi út á að skilgreina 6 ha. Verslunar- og þjónustusvæði fyrir gistingu, veitingar, bílastæði og gönguleiðir um svæðið og út í eyjar í Hvítá fyrir útsýnissvæði. Minnkar landbúnaðarsvæði sem því nemur. Heildarbyggðarmagn getur verið allt að 1000 m². Auk þess segir að unnið verði deiliskipulag fyrir móttöku ferðamanna sem tekur til bílastæðis, göngustíga, útsýnis- og áningarstaða, smáhýsa fyrir gistingu fyrir allt að 25 gesti og þjónustuhús þar sem verður m.a. veitingasala, gisting, upplýsingar og snyrtiaðstaða.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að hugað sé að uppbyggingu og lagfæringu á stígum á svæðinu sem er á náttúruminjaskrá, þar sem verndargildi svæðisins er landslag og ásýnd. Hins vegar getur of mikil uppbygging á svæðinu rýrt verndargildi svæðisins og innviðir geta orðið ráðandi í umhverfinu.

Auk þess getur orðið rask af því að gera nýja göngustíga og beina ferðamönnum á óröskuð svæði.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að valin verði sú útfærsla á göngustígum og staðsetning áningarstaða, þjónustubyggingar og bílastæða sem rýri ekki verndargildi svæðisins. Auk þess leggur Umhverfisstofnun til að ekki séu gerðir nýir áningarstaðir og gönguleiðir á óröskuðum svæðum nema góð rök séu fyrir þeim og lögð sé áhersla á vernd og endurheimt og að lagfæra þá stíga sem fyrir eru.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir

teymisstjóri